

**Ed.**

## **423. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðnskóla í sveitum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum. Sendi hún frv. til umsagnar til iðnaðarsambandanna og lætur hér með fylgja sem fylgiskjöl svör þeirra.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. (PZ) vildi leggja til, að frv. yrði samþykkt með litlum breytingum, og gefur hann því út minnihlutanefndarálit. Meiri hl. gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins, m. a. af eftirfarandi ástæðum.

1. Meðan iðnfræðslunni er almennt hagað þannig, að verklega kennslan er látin hvíla á iðnmeisturunum, en ekki á sérstökum iðnskólum, þykir meiri hl. nefndarinnar ekki ástæða til, að annar háttur sé hafður á um iðnfræðslu fyrir sveitir landsins.
2. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að það sé rétt að stuðla að því, að sveitunum sé valin önnur og lakari iðnaðarmannastétt en öðrum landshlutum, og henni síðan falið að standa fyrir byggingu vandaðra mannvirkja, sem standa eiga um tugi ára eða jafnvel aldir.
3. Sá fjöldi, sem árlega kæmi frá slíkum skóla, mundi ekki staðnæmast í sveitum eingöngu, heldur flytjast til um allt land, til bæja og kauptúna og verða þar réttlausir sem fullgildir iðnaðarmenn og valda þannig ýmsum erfiðleikum í iðnaðarmannastéttunum.
4. Í l. nr. 51 19. maí 1930, um bændaskóla, er heimild fyrir því að taka upp kennslu við þá skóla í mörgum þeim greinum, sem ætlazt er til, að kenndar séu samkv. frv.
5. Samkv. l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, er gert ráð fyrir, að komið verði upp verknámsdeildum við héraðsskólana, og er ætlazt til, að þar verði einnig kennt nokkuð af þeim greinum, sem gert er ráð fyrir að kenna samkv. þessu frv.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði afgr. með svofelldri

### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Með því að nú þegar er heimild í lögum til þess að taka upp verklega kennslu í ýmsum skólum landsins á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frv., og að það er á valdi ríkisstjórnarinnar, hvenær hún lætur þau ákvæði koma til framkvæmda, en sérskóli sá, sem frv. ræðir um, mundi hins vegar hafa stórkostleg útgjöld í för með sér, án þess þó að ná þeim árangri, sem gildandi iðnlög ætlast til

að náð verði, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. febr. 1947.

Gísli Jónson,  
form., frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
fundaskrifari.

Steingr. Aðalsteinsson.

Eiríkur Einarsson.

### Fylgiskjal I.

#### LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 7. des. 1946.

Bréf háttvirtrar iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 29. f. m., viðvíkjandi frumvarpi til laga um iðnskóla í sveitum, hefur oss borizt, og viljum vér í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Eins og greinilega kemur fram í innganginum í bréfi Landssambandsins frá 7. febr. 1946, annarri málsgrein, þá telur stjórn Landssambands iðnaðarmanna það vera grundvallarhugmynd umrædds frumvarps að bæta úr skorti kunnáttumanna til iðnaðarstarfa í sveitum.

Stjórn Landssambandsins mótmælir eindregið þeim skilningi, sem kemur fram í bréfi háttvirtrar nefndar, að grundvallarhugmynd frumvarpsins sé sú, að nemendum séu kenndar fleiri iðngreinar til fulls á 18 mánuðum í stað 4 ára náms, og ef það er túlkun flutningsmanns á grundvallarhugmynd frumvarpsins, þá vill stjórn Landssambandsins mótmæla frumvarpinu í heild.

Meðmæli Landssambandsstjórnarinnar með frumvarpinu frá 7. febr. 1946 byggist á því, að í stað manna, sem ekkert hafa lært og enga æfingu fengið í iðnaðarstörfum, en taka þó að sér iðnaðarstörf í sveitum og þorpum landsins, oft samkvæmt beiðni opinberra aðila, komi menn, er dálitla tilsögn hafa fengið. Iðnaðarmenn geta þessir menn ekki kallazt og fá engin iðnréttindi, nema þeir gerist nemendur hjá meistara og læri á venjulegan hátt.

Viðvíkjandi spurningu nefndarinnar í síðustu málsgrein bréfs hennar skal það tekið fram, að stjórn Landssambandsins telur þá menn, er útskrifast kynnu úr umræddum skólum, ekki kunnáttumenn. Hún telur ekki æskilegt né öruggt að láta þá taka að sér iðnaðarstörf. Hún telur og hefur alltaf talið æskilegast og öruggast, að iðnlögin nái til alls landsins og að það séu fulllærðir iðnaðarmenn, sem falin eru iðnaðarstörf í sveitunum, engu síður en í kaupstöðum og kauptúnum. En eins og nú er, eru engar kröfur gerðar til þeirra, sem taka mega að sér iðnaðarstörf í sveitum, hversu stór og veigamikil sem þau eru, og það telur stjórn Landssambandsins mjög óheppilegt ástand.

Stjórn Landssambandsins er ljóst, að skólar þeir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru óhæfilega stórir og hljóta að kosta rikissjóð stórfé, sem hægt væri að spara sér að mestu, með miklu einfaldari ráðstöfunum.

Nemendur frá skólum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, gætu aldrei fengið að taka að sér iðnaðarverk í kaupstöðum (nema þeir lærðu meira og fengju próf samkvæmt iðnaðarnámslögnum), af því þeir hefðu ekki iðnréttindi, þótt löggjafinn teldi þá nógu góða fyrir sveitirnar.

Virðingarfyllt.

F. h. Landssambands iðnaðarmanna.

Helgi H. Eiríksson. Sveinbjörn Jónsson. Einar Gíslason. Guðm. H. Guðmundsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

## Fylgiskjal II.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. janúar 1947.

Til Alþingis Íslendinga, Reykjavík.

Háttvirta Alþingi.

Við sendum yður hér með mótmælatillögu, vegna frumvarps Hermanns Jónssonar um iðnskóla í sveitum, sem samþykkt var á fundi, sem haldinn var að tilhlutun sambandsstjórnar I. N. S. Í.

Með tillögunni sendum við greinargerð, og vonumst við til, að tillagan og greinargerðin séu það skýrar, að háttvirt Alþingi verði ekki í neinum vafa um afstöðu iðnnemasamtakanna til þessa máls.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Iðnnemasambands Íslands.

Sigurður Guðgeirsson,  
form.

Árni Þ. Víkingur,  
ritari.

Frá stjórn Iðnnemasambands Íslands.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 4. janúar 1947.

Fundur haldinn að Hverfisgötu 21 í Reykjavík þriðjudaginn 3. des. 1946 að tilhlutan stjórnar I. N. S. Í. með stjórnnum byggingariðnaðarnemafélaganna og stjórn Félags húsgagna- og bólstraranema í Reykjavík, hefur tekið til meðferðar frumvarp það til laga um iðnskóla í sveitum, sem flutt er af Hermanni Jónassyni í Ed. Alþingis, og komið að raun um, að það brjóti algerlega í bága við núgildandi löggjöf um iðnnám og sé auk þess ósamrýmanlegt núverandi fyrirkomulagi um iðnnám.

Frumvarpið virðist okkur þannig úr garði gert, að það stuðli aðeins að því, að ríkisvaldið taki að sér „framleiðslu á fúskurum“ í stórum stíl, en bæti í engu þá vöntun, sem sveitum landsins er að fullgildum iðnaðarmönnum í áður nefndum iðngreinum.

Fundurinn skorar því á háttvirt Alþingi að fella frumvarp þetta eins og það nú liggur fyrir.

**Greinargerð.**

Í sambandi við frumvarp þetta óskum við að taka eftirfarandi fram, hvað við kemur afstöðu iðnnemasamtakanna til þess. Okkur er ljóst, að ástandið í byggingarmálum sveitanna er svo slæmt, að skjótra aðgerða er þörf. Og vera má að iðnkennsla á skóla, bæði verkleg og bókleg, sé eitt hentugasta og tiltækilegasta úrræðið, en kennslufyrirkomulag allt þyrfti að vera sem fullkomnast og í fullu samræmi við iðnnámslöggjöf landsins, en ósamræmið milli þessa frumvarps og iðnnámslöggjafarinnar teljum við mjög mikið og að slíkur skóli sem þessi geti aldrei fætt af sér fullgilda iðnaðarmenn.

Jafnframt viljum við vekja athygli á því, að enginn sérfróður maður hefur verið kvaddur til aðstoðar við samningu þessa frumvarps, enda ber frumvarpið þess glögg merki.

Skynsamlegasta afgreiðsla málsins á því stigi, sem það nú er, er að okkar álitni sú, að Alþingi skipi nefnd sérfróðra manna um iðnað til að gera ákveðnar tillögur um úrlausn þessara mála.

Að endingu viljum við leyfa okkur að gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 3. gr. Samkvæmt nágildandi löggjöf um iðnnám er námstími nemanda ákveðinn 4 ár, en samkvæmt þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að náms-tíminn sé 2 ár, en þó sé heimilt að stytta hann, og er þessum mönnum ætlað að vera jafnfærir í sinni iðn og öðrum iðnaðarmönnum (en það þurfa þeir að vera til þess, að frumvarpið nái tilgangi sínum, því það er vitað mál, að byggingar í sveitum þurfa engu síður að vera vandaðar en aðrar byggingar), og er þeim þó ætlað meira verksvið en öðrum iðnaðarmönnum (samkv. 7. gr.). Þetta atriði teljum við, að geti ekki staðizt.

Við 4. gr. Í þessa grein vantar algerlega ákvæði um það, á hvern hátt skuli prófa, að nemandi uppfylli skilyrði það, er um getur í annarri málsgrein, um verk-lega kunnáttu og hæfileika.

Við 5. gr. Viljum við láta okkur nægja að benda á þá annmarka, sem getið er um í athugasemd frá Landssambandi iðnaðarmanna.

Við 6. gr. Látum við okkur nægja að benda á þá skyssu, að ekki skuli vera gert ráð fyrir kennslu í reikningi.

Við 7. gr. Samkvæmt þessari grein er húsasmiðum ætlað að nema auk húsa-smiðinnar múrsmíði, raflagnir, pípulagningar, málun og veggfóðrun, á tveim árum eða skemmri tíma (samkv. 3. gr.) og þó að vera eins færir í hverri grein og þeir, sem læra í kaupstöðum. En þeirra nám er 4 ár og læra þeir aðeins einhverja eina grein af þessum sex. Hvernig iðnaðarmaður, sem hefur sexfalt meira verksvið en aðrir iðnaðarmenn og er ætlaður helmingi skemmri tími til að læra þessi sex fög en öðrum iðnaðarmönnum er ætlað að læra eitt, geti orðið þeim jafnfær, það fáum við ekki skilið. Og viljum við sérstaklega benda á, að raflagnir í sveitum, sérstaklega í útihúsum, fjárhúsum, fjósum, o. s. frv., eru taldar mun hættulegri en flestar aðrar raflagnir.

Við 13. gr. Að okkar áliti er forstöðumanni skólans gefið of mikið vald, þar sem hann getur svipt nemandi skólaleyfi án þess að honum sé gefinn kostur á að koma fyrir sig vörn.

Við 15. gr. Samkvæmt þessari grein skal skólinn lúta yfirstjórn landbúnaðar-ráðherra; teljum við það vægast sagt ákaflega hægna ráðstöfun. Að okkar áliti eiga allir iðnskólar, sem reknir eru af ríkinu, að vera undir sömu stjórn, þ. e. a. s. lúta stjórn iðnaðarmálaráðherra.

Virðingarfyllst.

F. h. Iðnnemasambands Íslands.

Sigurður Guðgeirsson,  
form.

Árni Þ. Vikingur,  
ritari.

### Fylgiskjal III.

#### SVEINASAMBAND BYGGINGAMANNA

Reykjavík, 15. desember 1946.

Samkvæmt ósk háttvirtrar iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis höfum vér tekið frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum til athugunar og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Enginn mun með sanngirni geta neitað því, að tæknikunnáttu þjóðarinnar sé á margan hátt ábótavant og að aukinnar tæknimenntunar sé þörf, þó að mikið hafi á unnizt í því efni á síðustu árum. Aukinn skilningur virðist nú einnig vera að glæðast á notagildi verklegrar kennslu í skólum landsins — og er það vel —, þar sem tæknimenntun og verkunnátta er undirstaða allrar efnalegrar velmegunar.

Með frumvarpi þessu, í því formi sem það er, getum vér þó ekki mælt. Liggja til þess eftirtaldar ástæður:

I.

Verði horfið að því ráði, að ríkið reisi og reki skóla til kennslu í hinum nauð-synlegustu iðngreinum — hvort sem það er í sveit eða við sjó, sem vér getum talið

heppilegt, verður ekki minna krafizt en að tryggt sé, að slík stofnun veiti nemendum sínum svo fullkomna kennslu, að þeir standi ekki öðrum iðnaðarmönnum að baki um kunnáttu og verkleikni. Enda sanni þeir kunnáttu sína með sams konar prófi og sveinar í sömu iðn og hljóti að prófinu loknu sömu réttindi og þeir, sem hjá meisturum hafa lært.

## II.

Ekki getum vér fallizt á, að minni vandi sé að byggja í sveitum né að þar skuli gera minni kröfur til bygginga og byggingarmanna, þó að löggjafinn virðist — illu heilli — hafa verið á annarri skoðun og frumvarpið geri ráð fyrir, að þar skuli minna til vandað um kunnáttu. Í greinargerðinni er því slegið föstu, og mun rétt vera, að fjárveiting flestra bænda sé eins mikil eða meiri í byggingum en í ræktun og bústofni til samans. Mætti því ætla, að það væri verra að byggja óhæft og heilsuspillandi hús á jörð sinni, eins og dæmi munu mörg til vera, heldur en fella allan bústofninn úr hor einu sinni, sem fá eða engin dæmi munu finnast til.

## III.

Menn þeir, sem numið hafa í þessum skóla, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og grautað hafa í öllum þeim iðngreinum, sem að húsbyggingum lúta, í tvö ár, munu tæpast geta litið á sig sem jafnoka þeirra, sem numið hafa í bæjunum eina iðngrein í fjögur ár. En minnimáttarkenndin er aldrei góður félagi, en litu þeir aftur á móti á sig sem fullgilda og öðrum jafnsnjalla, mundi þeim eðlilega finnast brotinn á sér réttur, þar sem þeir að námi loknu öðlast raunverulega engin réttindi fram yfir aðra, alveg ólærða í sveitunum — hvað þá annars staðar. Þessir menn hefðu því fulla ástæðu til þess að vera óánægðir með aðstöðu sína. Einhverjir þeirra mundu svo að sjálfsögðu — fyrir atburðanna rás fyrr eða síðar lenda í kaupstöðunum og bætast þar við gervimannahópinn. — Mundu þeir verða það verri viðureignar fyrir iðnaðarmenn en þeir, sem fyrir eru, að þeir kynnu þá eitthvað fyrir sér í öllum fögum og gætu því komið fram eins og nokkurs konar hamskiptingar, eftir því sem bezt hentaði. — Þeir, sem skólann sæktu og ætluðu að gera handverk að aðalatvinnu, mundu af eðlilegum ástæðum frekast setjast að í smáþorpum og öðru þéttbýli sveitanna. En þorp, sem hefur í ár 250 íbúa, getur hæglega, á þeim breytingatímum, sem nú og framundan munu vera, haft langt yfir 300 íbúa eftir 1 eða fá ár, þangað getur líka flutzt kaupstaðarlærður smiður eða múrari. Þá yrði sveitasmíðurinn að víkja, lögum samkvæmt, og væri þá orðinn nokkurs konar útlagi úr sinu eigin þorpi. Geta allir séð, hvaða firra og leiðindi slíkt væri.

## IV.

Þá virðist stærð skólans, þ. e. a. s. fjöldi námssveina á hverju skólaári, muni vera það mikill, að torveldað gæti æskilegan árangur námsins. Verður að hafa það í huga, að verklegt nám er plássfrekara og krefst persónulegri kennslu en bóklegt, þar sem allt er að mestu rígskorðað við ákveðnar kennslubækur — og kennslan er oft ekki annað en yfirheyrsla.

## V.

Þá mun það vera í rómantískara lagi að taka kennslu í iðnsögu og söng, þó að góðar námsgreinar séu, fram yfir kennslu í reikningi og bókfærslu.

Þrátt fyrir það, sem fram hefur verið tekið og frumvarpinu að vorum dómi réttilega til foráttu fundið, teljum vér sjálfa hugmyndina um iðnskóla í sveitum góða og af nauðsyn fram komna. En til þess, að árangur svari kostnaði um kunnáttu og verktækni nemendanna og tryggt sé, að þeir verði í engu lakari iðnaðarmenn en þeir, sem lært hafa eftir iðnlögum kaupstaðanna, teljum vér námstímann of stuttan, of mörg fög séu kennd einum og sama manni og að árlegur nýnemafjöldi sé of mikill. Hæfilegt mætti teljast, að þessi „prufu“skóli gæti tekið 25 nýsveina á ári, 15 húsasmiðsefni og 10 múraranema. Búsáhaldaðeildinni mætti alveg sleppa og

vinna það upp með aukinni smíðakennslu við héraðs- og bændaskólana. Þaðan ættu engir að koma svo, að þeir væru ekki búhagir. Búsáhöld og húsgögn hljóta alltaf að verða — eða geta verið — ódýrari frá stórum og fullkomnum verkstæðum eða verksmiðjum í kaupstöðunum en einstakra manna smíði, þar sem öll skilyrði vantar til fjöldaframleiðslu. — Nema skólanum sé ætlað að vera verksmiðja á þessu sviði fyrir sveitirnar?

Skólavistin taki minnst 3 ár fyrir þá, sem ekki hafa aðra undirstöðu en þá, sem talin er í frumvarpinu inntökuskilyrði í skólann. En frjálst sé að ganga undir próf, sem veiti rétt til inngöngu í 2. og 3. ársdeild skólans. Hafa þá svokallaðir gervismiðir, að minnsta kosti fyrstu árin, gott tækifæri til að sýna getu sína og vilja til að verða fullgildir iðnaðarmenn.

Námskjör yrðu þau sömu 2 fyrstu árin, sem í frumvarpinu segir, en 3. árið að einhverju verulegu leyti betri, enda sé þeim þá, sem til þess eru taldir hæfir, leyft að standa að mestu einir fyrir húsasmíði í sveitum og smáþorpum landsins, undir eftirliti skólans og á hans ábyrgð, og sé slík verkstjórn einn þáttur í prófi þeirra.

Einhverjir munu sjálfsagt finna það tillögum þessum til foráttu, að menn þessir, sem öðluðust sjálfsögð réttindi við nám sitt, mundu ekki setjast að í sveitum og þorpum, og að sjálfsagt sé því að reyna að halda þeim þar upp á lífstíð, með þvingunarlögum, ef þeir eigi að fá að stunda iðn sína. Og getur það vel verið, að einhverjir þeirra mundu leita burtu úr sveitinni. En þess ber að gæta, að sveitirnar fengju strax nokkurn vinnukraft á þessu sviði frá skólanum, auk þess sem verktækni ýmiss konar mundi breiðast þaðan út. Þá má telja það óvíst, að í kaupstaðina verði nokkur sérstök uppgrip að sækja á þessu sviði eftir nokkur ár, ef önnur eins fjölgun heldur áfram í þessum fögum og nú er. Væri fróðlegt fyrir þingmenn að kynna sér, hvað nú eru teknir margir nýnemar, t. d. í húsasmíði hér í Reykjavík ár hvert. Mundi þá eflaust koma í ljós, að eftir nokkur ár verður þörf inni á því sviði fullnægt og jafnvægi komið á um framboð og eftirspurn. Það er nú einu sinni svo, að þjálfun iðnaðarmanna tekur meira en eitt misseri eða svo, og engin undur, þó að hin mikla breyting frá atvinnuleysi á þessu sviði til stórkostlegri byggingaframkvæmda en nokkurn tíma hafa átt sér stað á landinu, ylli ýmsum óþægindum í bili, mun svo að hafa verið á fleiri sviðum, að menn munu ekki hafa varað sig á stríðinu og afleiðingum þess, þó að minna sé um margt af því talað og ekki beinlínis kennt illvilja og innilokunarstefnu, eins og oft heyrast gert um vöntun á iðnaðarmönnum. Hverjir mundu hafa staðizt við það fyrir stríð, þegar ekkert var að gera oft og tíðum fyrir þá iðnaðarmenn, sem fyrir voru, að kenna öllum þeim fjölda, sem þurft hefur í hinar ýmsu iðngreinar síðustu árin, þó að kjör iðnnema hafi alltaf verið frekar bágborin.

Að síðustu skal það tekið fram, að vér teljum nýbreytni þessa merkilegt mál og að mikið sé undir því komið, að vel til takist og að vel sé til alls vandað, ef að þessu ráði verður horfið.

Virðingarfyllst.

F. h. Sveinasambands byggingamanna.

Steingr. Sigurðsson

(forseti).

Til iðnaðarnefndar Alþingis.

#### Fylgiskjal IV.

##### Frá Iðnaðarritinu.

Kristján S. Sigurðsson, trésm.meistari á Akureyri, skrifar Iðnarritinu eftirfarandi til birtingar. En þar sem nokkuð er þangað til ritið getur komið út, leyfir ritstj. sér að senda háttvirtri iðnaðarnefnd pistil Kristjáns til athugunar.

Ég var í gærkvöldi að lesa greinargerð Hermanns Jónassonar með frumvarpi

hans um iðnskóla í sveit. En frumvarpið finnst mér vera svo vanhugsað, að full ástæða sé til, að Landssamband iðnaðarmanna taki það rækilega til athugunar.

Það er lítið samræmi í því, að maður, sem ætlar að verða húsasmiðameistari, sé skyldaður til þess með lögum að vera við fast nám í 4 ár og vinna svo með öðrum í 3 ár, áður en hann má standa fyrir húsbyggingum. En eftir frumv. Hermanns á maður að vera aðeins 2 ár í skóla til þess að verða fullfær húsasmiðameistari, málari, rafvirki og pípulagningamaður. Þetta finnst mér í senn ranglæti og heimska. Það er hægt að unga út fjölda af mönnum á fáum árum í tveggja ára skóla, sem þykjast vera fullfærir smiðir. Að visu stendur í frumvarpinu, að þeir fái aðeins rétt til að byggja hús í sveitum. En hvaða trygging er fyrir því, að þeir flytji ekki í bæina og verði teknir þar sem fullgildir smiðir. Ég get ekki heldur séð, að það sé minni vandi að byggja hús í sveit en í kaupstað. Það er áreiðanlega mesta tjón bænda, sem hafa komið sér upp húsum, að hafa notast við menn, sem ekki kunna að byggja. Veit ég mörg dæmi þess, og skal ég nefna eitt þeirra.

Tvö hús voru byggð í sömu sveit og bæði eftir sama uppdrætti. Annað húsið byggði maður, sem álitíð var, að væri góður smiður. Hitt byggði maður, sem álitíð var, að væri góður smiður, þó hann hefði aldrei lært að smíða. Þegar húsin voru fullgerð og reikningarnir gerðir upp, kom í ljós, að vinnulaun við húsið hjá þeim ólærða voru helmingi hærri en við húsið, sem smiðurinn byggði. Hafði „fúskarinn“ þó tekið nokkru lægra kaup en smiðurinn. Hann hafði einnig eytt meira efni. Hvernig þessi hús hafa reynzt, veit ég ekki. Hitt er alkunnugt, að fjöldi húsa, sem viðvaningar hafa byggt, eru ekki hús nema að nafninu til. Þau eru köld, full af raka og fúna fljótt. Þessi mistök eru þó ekki ævinlega því að kenna, að ekki hafi verið hægt að fá lærða menn til að byggja húsin í sveitunum. Miklu oftast fyrir það, að bændur hafa ekki viljað greiða það kaup, sem smiðurinn þarf að fá. Þetta þekki ég af eigin reynslu.

Að mínu áliti verða það lélegir byggingamenn, sem koma frá tveggja ára iðnskóla í sveit, og það er hreint óforsvaranlegt að fá 20 ára reynslulausum unglíngum það ábyrgðarstarf að byggja upp sveitirnar okkar, hvort sem húsin eru smá eða stór og úr hvaða efni sem þau eru byggð.